

A 1822/presidiet

Flytjandi Norræn vinstri græn
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um aðgerðir Norðurlanda gegn hægriöfgum

Tillaga

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún dýpki norrænt samstarf gegn hægriöfgum

að hún kanni hvaða aðgerðir þvert á landamæri gætu styrkt baráttuna gegn hægriöfgum

Bakgrunnur

Hryðjuverk hægriöfgamanna eru algengasta tegund hryðjuverka á Norðurlöndum. Öfgasinnaður hægrimaður í Noregi framdi hroðalegustu hermdarverk samtímans á Norðurlöndum. Í sumar urðu bæði Svíþjóð og Noregur vettvangur ódæðisverka og ofbeldisógnar af völdum ofstækisfullra hægriafla. Samkvæmt stöðuyfirliti finnska innanríkisráðuneytisins um ofbeldisfulla öfgahyggju frá árinu 2018 er stærsta ógnin við daglegt öryggi að öfgafull hægriöfl í Finnlandi séu farin að skipuleggja sig. Norræn vinstri græn telja nauðsyn á sameiginlegum norrænum aðgerðum gegn hægriöfgum.

Norska öryggislögreglan hefur hækkað viðbúnaðarstig sitt vegna hótana hægriöfgamanna um hryðjuverk og nú berast einnig viðvaranir frá öryggislögreglunni í Svíþjóð um aukid ofbeldi hægriöfgasinna. Hreyfingunni „Máttur hvíttra“ vex fiskur um hrygg og hættan eykst á að menn láti eggja sig til árása eða grófra ofbeldisverka, segir öryggislögreglan sænska.

CTA, greiningardeild leyniþjónustu dönsku lögreglunnar á sviði hryðjuverka, tekur fram í síðustu skýrslu sinni um hryðjuverkaógnina í og gegn Danmörku að hættan sem stafar af hægriöfgamönnum í Danmörku hafi aukist og nú orðið sé fólk yst á hægri vængnum sem er reiðubúið að taka til vopna í þágu málstaðarins. Yfirlýsingar þessar frá öryggislögreglunni koma í kjölfarið á áttakanlegum tilræðum á Norðurlöndum og víða um heim.

Norræn vinstri græn telja nauðsyn á sameiginlegum norrænum aðgerðum í baráttunni gegn hægriöfgum. Auk árása og alvarlegra ofbeldisbrota steðjar ógn að lýðræðinu í bráð og lengd því að öfgasinnaðir hægrimenn fremja einnig aðra glæpi gegn stjórnámálamönnum, minnihlutahópum og öðrum frammámönnum í



samfélaginu, þótt þeir glæpir kunni að vera síður grófir. Hægriöfgamenn hafa skipulagt sig og samhæft störf sín í mörgum norrænum löndum og því er krafan komin fram um að Norðurlönd vinni saman gegn þeirri ógn sem af þeim stendur.

Lýðskrumarar í hægriöflokum í norrænu löndunum hafa gripið tækifærið til að kynda undir óvild í garð fórnarlamba kynþáttahyggju í stað þess að fordæma vöxt hægriöfgastefnunnar og ofbeldi. Meðal annars vegna hatursfullrar orðræðu, flokkadrátta og sundrungar er hætt við að ofbeldissinnuð hugmyndafræði hægriöfgamanna verði talin eðlileg og ekki lengur ofstækisfull. Þessu verður allt samfélagið að fara gegn, á öllum stigum.

Norræn vinstri græn hvetja ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum til að hefja samstarf um að vinna gegn hægriöfgum á Norðurlöndum. Til að spyrna fótum við skipulagningu og ofbeldi þarf rannsóknir, framhaldsmenntun og gagnkvæma upplýsingamiðlun lögreglu auk áherslu á forvirkar aðgerðir og aðstoð við fólk, einkum ungmenni, sem vill segja skilið við ofbeldis- og ofstækishópa. Forvirk vinna hvílir helst á félagsþjónustunni, fagaðilum í heilbrigðisþjónustunni, fangelsisvöldum, fólki sem starfar með ungmennum, félagasamtökum og kennurum að ógleymdri lögreglunni. Nauðsyn er á þverfaglegum aðgerðum milli landa bæði til að skilja starfsemi norrænna hægriöfgahópa og hreyfinga þeirra sem trúa á yfirburði hvíttra manna og til að komast að því hvernig eigi að stöðva slíka flokka. Allar ríkisstjórnir á Norðurlöndum þurfa að taka samstarf gegn hægriöfgum alvarlega og setja það í forgang.

Helsingfors, 2. september 2019

Christian Juhl (EL)

Daniel Riazat (V)

Freddy André Øvstegård (SV)

Ina Strøjer-Schmidt (SF)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Lorena Delgado Varas (V)

Sofia Geisler (IA)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)

Veronika Honkasalo (vinstri)